

# Nesfréttir

JÚNÍ 2021 • 6. TBL. • 34. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Stelpurnar í 7. flokki kvenna voru með vinkonuviku í maí og gekk hún vonum fram. Stelpurnar voru duglegar að koma með vinkonur með sér og voru 13 nýjar stelpur sem prófuðu æfingar hjá Gróttu, en þær eru nú þegar 28 að æfa. Við minnum á að það má alltaf koma að prófa æfingar hjá Gróttu og vonumst til að sjá ný andlit í sumar, bæði á æfingum og í knattspyrnskólanum!

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**

- Viðtal við þrjá heldri borgara  
sem búa við Skólabraut  
- bls. 10-11



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)  
Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)



**Velkomin**  
**á Grandann**

Nú sækjum við og  
skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

Góð þjónusta – Hagstætt verð



Í gamla Héðinhúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18  
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Varðveisluhugsun á Nesinu

Þegar litið er yfir loftmynd af Seltjarnarnesi kemur í ljós hversu stór svæði á eru óbyggð. Fyrst er að telja Valhúsaáæðina sem er inn í miðjum byggðakjarna. Næst ber fyrir augu svonefnd vestursvæði. Landsvæði sem nær þvert yfir nesið frá norðri til suðurs með fram Seltjörn og er að hluta gamalt heyskparland og bithagar. Í þriðja lagi er Suðurnesið þar sem golfvöllurinn er og húsnæði honum tengt eitt byggða.

Samstaða hefur verið um að halda þessum svæðum óbyggðum þótt þar mætti eflaust reista nokkurn fjölda íbúðarhúsa. Þar ræður einkum sú hugsun að halda þeim eins náttúrulegum og unnt er. Einnig hugsanlega að nýta þau sem útivistarsvæði eftir því sem náttúrufer leyfir.

Þessi varðveisluhugsun á sér dýpri rætur á Seltjarnarnesi en finna má víðast hvar annars staðar. Seltirningar skynja náttúrulegt verðmæti þessara svæði. Að eiga óbyggð og opin svæði í bæjarlandinu við bæjardyr búsvæðanna.

Náttúruvernd og umgengni við náttúru á sér fleira og öflugra talsfólk nú en verið hefur. Þessi hugsun náði til Seltirninga fyrr en margra annarra og hefur fest sig í setti á meðal þeirra. Fátt bendir til annars en þessi varðveisluhugsun, að varðveita náttúruna, verði áfram við lýði á meðal íbúa Seltjarnarness.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



## Ársreikningur bæjarins samþykktur

- minni- og meirihluti körpuðu að vana



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar var samþykktur á fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 26. maí sl. Nokkuð var karpað um niðurstöður hans á milli meiri- og minnihluta bæjarstjórnar sem ekki er nýtt af nálíni.

Í bókum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar segir m.a. að ársreikningur Seltjarnarnesbæjar sýnir að taprekstur A sjóðs Seltjarnarnesbæjar er kominn yfir einn milljarð á síðastliðnum sex árum en A sjóður er sá hluti rekstursins sem fjármagnaður er af sköttum íbúa. Þetta þýðir að bærinn er að veita þjónustu sem kostar hundruðum milljóna meira en bærinn er að fá í tekjur. Rekstur Seltjarnarnesbæjar er þar af leiðandi ósjálfbær ef ekki verður gripið til þess að skera niður þjónustu eða auka tekjur. Í umræðu um ársreikning bæjarins lögðu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar fram einfaldar spurningar sem hljóðuðu svo: Hvernig ætla bæjarfulltrúar meirihlutans að snúa við hallarekstri bæjarins? Liggur fyrir áætlun um hvernig eigi að auka tekjur eða draga úr kostnaði?

### Engin langtímalán tekin

Í bókum meirihluta bæjarstjórnar segir m.a. að ársreikningur Seltjarnarnes fyrir árið 2020 endurspeglir þá erfiðu stöðu sem sveitarfélög hafa búið við í heimsfaraldri en einnig sterka stöðu bæjarins og hversu sterkur rekstur bæjarins er. Fyrir liggir að myndin varð allt önnur fyrir síðasta ár vegna áhrifa Covid-19 á reksturinn. Tekjur lækkuðu og kostnaður jókst. Þess verður þó að geta að Seltjarnarnesbær er betur í stakk búinn að mæta þessum frávikum þar sem rekstur og efnahagur bæjarins er sterkur. Engin langtímalán voru tekin á árinu 2020 og skuldahlutfall bæjarins lágt. Lántökur bæjarins hafa einvörðungu verið vegna verkefna sem samstaða í bæjarstjórn hefur staðið um m.a. byggingu hjúkrunarheimilis og stækkun íþróttamiðstöðvar svo stærstu liðirnir sem taldir upp. Seltjarnarnesbær er rekið af ábyrgð og festu með áherslu á velferðarmál og grunnþjónustu.

Í bókun fulltrúa Neslista segir m.a. að staða fjármála bæjarins verði ekki leyst með ómálefnalegum athugasemdom gagnvart fulltrúum minnihlutans í fjölmiðlum og Nesfréttum. Eingöngu fagleg og heiðarleg skoðun á öllum fjármálum, rekstri og þjónustu bæjarins mun skila ásættanlegri niðurstöðu.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlondum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Bókasafn  
Seltjarnarness



Ljósmynd: Árni Árnason



# BARNASUMAR Á BÓKASAFNI SELTJARNARNESS

**BÍÓ** dagar · **SPILA** dagar · **SÖGU** dagar · **TEIKNI** dagar · **FURÐUFATA** dagar

Í sumar ætlum við að leika okkur með barnabókmenntapersónur og fleira.

- **BÍÓ Í BARNAEILDinni Á Mánudögum** kl. 11–13
- **SPILABORÐIÐ Á ÞRIÐJUDÖGUM** – Borðspil, púsluspil, skák og fleira.
- **SÖGUHJÓLIÐ Á MIÐVIKUDÖGUM** kl. 11 og 15  
Við snúum Söguhjólínu okkar og í ljós kemur hvaða saga verður lesin.
- **TEIKNIBORÐIÐ Á FIMMTUDÖGUM** - Teiknum og litum sögupersónur vikunnar.



## FUGLALÍF – FUGLARNIR Í NÁGRENNI OKKAR – LJÓSMYNDASÝNING

Árni Árnason sýnir í Gallerí Gróttu. Á bókasafninu er hægt að hlusta á fuglasöng og fá lesefni um fugla Íslands.

**SUMARLESTUR** – Öll börn á aldrinum 5-12 ára eru hvött til að taka þátt. Fjórir lestrarhestar fá verðlaun alla föstudaga í sumar. **NÝTT!** – Sumarlestur fyrir ungmenni á aldrinum 13-18 ára. Skannaðu kóðann og taktu þátt, þú gætir unnið!

### Opnunartímar í sumar:

Mánudagar – fimmtudagar: 10.00 – 18.30

Föstudagar: 10.00 – 17.00 **Lokað á laugardögum**

Sími: 5959 170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

GALLERÍ  
GRÓTTA



Bókasafn  
Seltjarnarness

## Þrýstilögn lögð við Norðurströnd



Stóru rörin biða þess að komast ofan í jörðina.

Í sumar verður lögð ný þrýstilögn frá dælubrunninum meðfram Norðurströndinni og alla leið að dælustöð Veitna við Seilugranda. Stóru rörin sem liggja við Norðurströndina verða nýtt í endurbæturnar.

Enn nokkrum úrbótum ólokið á fráveitu Seltjarnarnesbæjar. Endurbætur hafa verið í gangi

um nokkurra ára skeið auk þess sem stækkun byggðar við Bygggarða krefst endurbóta og nýframkvæmda en búið er að greina þörfina því tengt. Stórar vinnuvélar verða á svæðinu vegna framkvæmdarinnar og því má gera ráð fyrir röskun þegar að vinnan stendur yfir sem beðist er velvirðingar á.

## Fjórar lóðir af fimm seldar við Steinavör



Á myndinni má sjá yfir auða svæðið við Steinavör þar sem þessar lóðir eru.

Fjórar af fimm lóðum sem auglýstar voru til sölu við Steinavör á Seltjarnarnesi eru seldar. Lóðirnar eru hluti af dánarbúi Sigurðar Péturssonar framhaldsskólakennara en hann var sonur Péturs Sigurðssonar sem lengi var forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Nú hafa tvær sjávarlóðanna sem eru neðan Steinavara verið seldar og tvær sem standa ofan við götuna auk gráa hússins eða húss Sigurðar. Tvær lóðir munu enn vera óseldar, ein við Steinavör og önnur við Hrólfsskálavör 1. Sami kaupandi er að öllum lóðunum fjórum og heyrst hefur að söluverð þeirra sé um 500 milljónir króna.

## LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI

Öll umferð hunda bönnuð á vestursvæðum  
1. maí - 31. júlí vegna fuglavarps



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

# MotorMax

## Smurstöð

### Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR**  
**TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)



Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)

# Spennandi tímar framundan í golfinu

- segir Steinn Baugur Gunnarsson íþróttastjóri Nesklúbbsins

**S**teinn Baugur Gunnarsson hefur verið ráðinn í fullt starf sem íþróttastjóri Nesklúbbsins. Ráðning Steins kemur í framhaldi af endurskipulagningu á starfsemi klúbbsins. Á verksviði hans verður meðal annars þjálfun unglinga- og keppnishópa á öllum stigum og umsjón með og skipulagning vetrar- og sumarnámskeiða fyrir börn.

Ráðning Steins felur auk þess í sér að eiga samskipti við og sjá um upplýsingaflæði til bæði foreldra og iðkenda. Steinn er góðkunnur flestum félagsmönnum Nesklúbbsins, enda hefur hann verið í Nesklúbbsnum frá barnsaldri og er einn af fremstu kyflingum klúbbsins. Steinn er með BS gráðu í íþróttfræðum og meistara-gráðu í íþróttavísindum og þjálfun frá Háskólanum í Reykjavík, ásamt því að hafa lokið PGA golfkennaranámi. Eftir þessa breytingu mun Nökkvi Gunnarsson PGA golfkennari áfram sinna starfi yfirkennara klúbbsins og einbeita sér að golfkennslu hins almenna kyflings hjá klúbbsnum

## Barna og unglिंगastarfið vaxið mikil

Barna og unglिंगastarfið hefur vaxið gríðarlega mikið hjá Nesklúbbsnum síðustu ár og var kominn tími á endurskipulagningu á starfsemi og stefnumótun. „Í dag

er klúbbsurinn nú bæði komin með íþróttastjóra og svo líka yfirkennara sem sinnir almennri golfkennslu fyrir meðlimi Nesklúbbsins. Með þessari breytingu getum við sinnt betur bæði meðlimum og svo þeim fjölda barna sem eru farin æfa hjá okkur golf allt árið.“

## Fólk á öllum aldri stundar golf

Golfið hefur verið í mikilli sókn undanfarið. Það hefur þá sérstöðu fram yfir flestar íþróttir að fólk á öllum aldri stundar íþróttina. Steinn segir að í golfklúbbsnum séu krakkar að æfa allt frá því er þau byrja í grunnskóla. Einnig golfarar sem eru komnir yfir nírætt og allt þar á milli. „Golfið nær því til margra. Landslag klúbbsins hefur breyst mjög mikið síðustu ár. Nú er komið mjög öflugt og vaxandi barnastarf bæði hjá strákunum og stelpunum og kvennastarfið hjá Nesklúbbsnum er eitt það öflugasta á landinu í golfinu. Við hjá klúbbsnum lítum á okkur sem mikilvægan hlekk í lýðheilsu bæjarbúa í dag og viljum veita sem allra flestum vettvang til þess að njóta heilsufarsávinninga golfsins.“

## Golfið hefur verndandi áhrif

Steinn hefur verið að kenna lýðheilsufræði í Háskólanum í Reykjavík. „Í íþrótt- og heilsufræðum



Steinn Baugur Gunnarsson íþróttastjóri Nesklúbbsins.

er skemmtilegt að sjá hversu mörg box golfið tikkar í sem vísindin sýna að hafi verndandi áhrif fyrir heilsu okkar. Þetta eru þættir eins og hreyfing, útivera, samvera með öðrum, glíma við krefjandi verkefni og færniþróun hreyfinga svo eitt-hvað sé nefnt. Hjá Nesklúbbsnum er markið sett hátt og stefnan er á að vera leiðandi á sviði lýðheilsu og heilsuefningu bæjarbúa á Nesinu næstu árin.“

## Eldri borgarar nýta aðstöðuna

„Eldri borgarar á Nesinu hafi líka í auknum mæli verið að nýta sér aðstöðuna okkar bæði yfir sumar og vetrartímamann sem er frábært,“ segir Steinn. „Sjálfur hef ég unnið talsvert við rannsóknir á heilsuefningu eldri borgara fyrir háskólana og Landspítalann og það er svo gaman að sjá tenginguna milli golfiðkunnar



KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN

## Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



### Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins víðurkennd efni og tækjabúnað sem stent trústu kröfur.



### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



### Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is  
www.tjon.is

og góðrar heilsu fram eftir aldri. Fjöldi nýlegra rannsókna eru að sýna okkur að fátt verndi heilsu eldra fólks betur en hreyfing, félagstengsl og það að halda áfram að glíma við krefjandi verkefni fram eftir aldri. Þessa þætti er alla að finna í golfinu og geta verið lykill að því viðhalda góðri vitsmunafærni og hreinlega hægt umtalsvert á öldrunaráhrifum hjá eldra fólki. Við sjáum mikil tækifæri á að ná til enn fleiri af elsta hópnunum og sjáum sóknarfæri þar eins og hjá krökkunum. Fyrir mér er það engin tilviljun hvað golfið nýtur mikilla vinsælda hér á landi. Líkaminn okkar er ekki gerður til að lifa í hreyfingarleysi og margir af þeim lífsstílsjúkdómum sem við glíum við í dag eru til komnir að hluta vegna skorts á hreyfingu og of mikillar kyrrsetu. Regluleg hreyfing er alltaf mikilvæg og með golfiðkun ná kyflingar að uppfylla hreyfiráðleggingar Landlæknisembættisins. Golfið sameinar líka ólíkar kynslóðir því allir geta spilað saman og það getur verið mjög streitulosandi að spila golfhring úti í náttúrunni eða æfa sig á vellinum burtu frá farsímum, raftækjum og þeim mikla hraða sem



### Fólk á öllum aldri getur stundað golf. Myndin er tekin í inniaðstöðu Nesklúbbsins á Eiðistorgi.

við lifum í dag. Golfið er vettvangur þar sem vinir og fjölskyldur geta notið samveru án truflunar og á sama tíma notið jákvæðra heilsufarsáhrifa. Hreyfingin, útiveran og félagsskapurinn eru lykill að góðri heilsu og er það sem golfið snýst um að miklu leiti," segir Steinn Baugur.

Hann segir einnig frábært að með tilkomu golfherma sé golfið í dag orðið að heilsársíprótt hér heima og

njóta golfhermar nú mikilla vinsælda yfir vetrartímam. Fólk geti því í dag stundað golfið allt árið. „Við höfum verið með inniaðstöðu á Eiðistorgi síðustu ár. Það var frábær viðbót í starfið okkar fyrir fimm árum að koma upp inniaðstöðu á Eiðistorgi og varð lykill í að efla barnastarfið því við fórum að geta boðið upp á æfingar allt árið stutt frá skólunum á Nesinu. Sú aðstaða er í dag alveg

sprunginn vegna mikillar aukningar í barnastarfi og óþreytandi áhuga golfara á að spila í golfhermum yfir vetrartímam. Við erum því við að vinna í því að finna lausnir á þeim málum," segir Steinn.

### Spennandi tímar framundan

„Seltjarnarnesbær hefur alla burði til að vera til fyrirmyndar í eflingu lýðheilsu sinna bæjarbúa," segir Steinn. Gróttá er til dæmis að vinna mjög gott starf á þessu sviði. Frábær sundlaug er á Nesinu, líkamsræktarstöð, skokkhópar og svo golfklúbburinn. Það er ekkert launungarmál að golfklúbbnum vantar frekari aðstöðu. Í klúbbnum eru núna 800 félagsmenn og hátt í þrjú hundruð börn koma til okkar á æfingar eða námskeið. Þar fyrir utan eru nálægt 700 manns á biðlista. Aðstaðan okkar, hvort heldur er úti eða inni er sprungin og þolir ekki meiri umferð en við værum svo sannarlega tilbúin í að leggja okkur enn frekar að mörkum. Við höfum fulla trú á að það gerist með tíð og tíma þannig að það eru spennandi tímar framundan í golfinu á Nesinu.“

Þú sparar tíma með appinu

Einfaldari fjármál og betri yfirsýn, hvar og hvenær sem er.

ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA.

# SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA Á BRÚÐKAUPS DAGINN



**aurum**

BY

**GUÐBJÖRG**

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

FRÍ HEIMSENDING af [www.is.aurum.is](http://www.is.aurum.is)





- Aurum hefur allt frá stofnun árið 1999 lagt mikla áherslu á ánægju viðskiptavina sinna.
- Höfum allt frá upphafi notað umhverfisvænar umbúðir.
- Við notum eingöngu endurunna eðalmálma í okkar skartgrip.
- Notum umhverfisvæna demanta (lap grown diamonds).
- Bjóðum 5 ára ábyrgð af okkar skarti.

**Viðtal við Svanhvíti Erlu, Kristinn Björgvin og Vigdís**

# Hér er gott að vera

**- segja Erla Ólafsdóttir, Kristinn Sigurðsson og Vigdís Jónsdóttir sem öll búa í íbúðum fyrir heldri borgara við Skólabraut**

**S**vanhvít Erla Ólafsdóttir, Kristinn Björgvin Sigurðsson og Vigdís Jónsdóttir búa í íbúðum fyrir heldri borgara við Skólabraut á Seltjarnarnesi. Kristinn og Vigdís eru á tíraðisaldri en Erla nokkrum árum yngri. Þau hafa búið við Skólalbrautina um árabil og kunna afskaplega vel við sig. Segja samfélagið notalegt og alla aðstöðu til fyrirmynda. Þau eru öll vel á sig komin og ern og taka öll þátt í félagsstarfi sem er í boði í íbúðakjarnanum. Erla var símamær á yngri árum en vann síðar eftir að hafa verið heimavinnandi um tíma hjá Seltjarnarnesbæ um árabil. Starfaði á bæjarskrifstofunum. Kristinn er prentari og starfaði við prentun þar til Bláðprent var stofnað. Þá skipti hann um starfsvettvang. Vigdís starfaði lengst af hjá Landsbankanum.

Erla er fædd í Reykjavík en búinn að vera á Seltjarnarnesi í fjóra áratugi. Þá flutti hún á Nesið ásamt eiginmanni sínum Páli Þórarinssyni. Þau voru farin að leggja drög að fá íbúð við Skólalbrautina 1994 þegar Páll féll skyndilega frá. Hún hélt áfram að sækjast eftir íbúð og flutti þangað 1996. Erla vann hjá Landssímanum og kveðst vel muna eftir samskiptum fólks í gegnum síma á þeim árum. Jafnvel þegar hægt var að hlusta á símtöl en það var einkum þar sem svonefndir sveitarsímar voru notaðir



Svanhvít Erla, Kristinn Björgvin og Vigdís heima í stofu hjá Vigdís sem bakaði frábæra jólaköku með rúsinum fyrir gestina.

þar sem ein símalína flutti símtöl á milli margra notenda á einstökum svæðum. „Faðir vinkonu minnar vann hjá Símanum og ég man að þegar ég byrjaði þurfti maður að læra starfið

og ég var á mjög lágu kaupi til að byrja með.“ Erla hætti hjá Símanum þegar fjölgaði í fjölskyldunni. „Við vorum komin með fjögur börn og ég gerðist heimavinnandi um tíma

eins og það var kallað. Þegar börnin uxu úr grasi kallaði atvinnulífið aftur á hana og hún starfaði lengi hjá Seltjarnarnesbæ. „Ég kunni vel við mig á bæjarskrifstofunni. Sigurgeir

## Arna ís- og kaffibar

Sumaropnunartími 18. júní til 18. ágúst  
9 - 21 virka daga og 10 - 21 um helgar.  
Eiðistorgi 15  
[facebook.com/arnaisogkaffi](https://facebook.com/arnaisogkaffi)



Sigurðsson var bæjarstjóri og afskaplega þægilegur yfirmaður. Ég man að hann tók þann sið upp að hafa skrifstofuna alltaf opna. Það var alltaf opið inn til hans nema ef hann var að sinna einhverjum persónulegum erindum fólks sem leitaði til hans. Mér skilst að þessu háttur hafi orðið fastur í sessi hjá bænum og þeir bæjarstjórar sem komið hafa á eftir honum hafi einnig hurðina á bæjarstjóarskrifstofunni opna. „En hvernig er dagurinn hjá Erlu. Hún segist byrja daginn á að opna tölvuna og lesa fréttir. „Ég byrja alltaf á að líta á mbl.is. Ég hef líka gaman af að taka þátt í félagsstarfinu. Ég hef gaman af spilamennsku. Tek þátt í allskonar spilum og einnig í bingói. Ég tek þátt í leikfimi og spila-tímarnir eftir hádegi á föstudögum eru afskaplega ánægjulegir. Svo á ég stóra fjölskyldu,“ segir Erla. „Langömmubörnin eru orðin 27.“

### Sat hjá strák af gyðingættum

Kristinn er prentari. Þótt hann sé ekki innfæddur Seltirningur á hann langa samleið með Nesinu. „Ég kom þangað fyrst árið 1939. Ég fór þá í Mýrarhúsaskóla þótt ég byggji ekki

á Nesinu. Ástæða þess að ég var sendur þangað í skóla var sú að þar var kennt fyrir hádegi. Ég var farinn að sendast á þeim tíma og kennslan í Austurbæjarskólanum fór fram eftir hádegi. Ég hefði þá orðið að hætta sendiferðunum. Þegar ég var í Mýrarhúsaskóla sat ég hjá strák sem var af gyðingættum. Hann hét Klaus Kroner. Foreldrar hans höfðu komið hingað á stríðsárunum og bjuggu í litlu húsi á Seltjarnarnesi. Ég man að þau höfðu lítið fyrir sig að leggja. Hann átti einn joggingalla sem hann gekk daglega í. Klaus flutti síðar til Bandaríkjanna þar sem hann lagði stund á læknanám og varð læknir. Þótt faðir hans væri sérmenntaður skurðlæknir átti hann erfitt með að fá vinnu hér á landi. Erlendir aðilar voru ekki vel séðir inn í lækna-stéttina. Eitthvað mun hann þó hafa starfað á spítala hér en það mátti alls ekki spyrjast út.“ Kristinn vann fyrst sem prentari hjá Jóni Helgasyni. Síðar sem prentsmiðjustjóri hjá Alþýðublaðinu og loks verkstjóri í prentsmiðjunni Eddu. Hann hætti prentstöfum þegar Blaðprent kom til sögunnar og flutti sig á annan starfs-vettvang. „Þarna voru tímarnir að breytast og ég ákváð að hætta. Ég fór aldrei yfir í offsettið og tölvutækni.

Þegar ég lærði til prentiðnar var allt sett í blý. Ég man hvað margir gömlu setjarnir voru flinkir og fljótir að stafsetja og marga góða íslenskumenn var að finna í röðum þeirra. Þegar Blaðprent var stofnað átti Alþýðuprentsmiðjan góða prentvél. Þjóðviljinn átti líka nýlega uppgerða vél og Tíminn var með sémilega vél. En þarna átti að spara í rekstri blaðanna sem börðust oft í bökkum. Við það bættist að talsvert var um lausasölu blaða á þessum tíma og blaðið sem var prentað fyrst gat oft verið fyrst með fréttir og fengið meiri sölu. Það var samkeppni á milli blaðanna þótt þau ættu sér sinn pólitíska bakgrunn. Ég fór síðan að vinna hjá Harðviðarvali þegar prentævinni lauk. Það var ágætt að prufa eitthvað annað.“

### Sérstök gæfa að hafa komið hingað

Vigdís kom á Seltjarnarnesi 1968. Vigdís starfaði lengst í Landsbankanum eða um 27 ár. Var þar allt fram að starfslokum um sjötugt. „Þar var margt af ágætis fólki og gott að vera. Ég minnst Sverris Hermannssonar og Björgvins Vilmundarsonar

sem voru bankastjórar og einnig margra annara. Ég var síðan eins og Erla búin að panta mér íbúð hér á Skólabrautinni þegar æviárunum fjölgaði. Ég tel það sérstaka gæfu að hafa komið hingað. Hér fer ákaflega vel um mann. Hér lifa allir í sátt og samlyndi og maður getur tekið þátt í því félagsstarfi sem er í boði. Jafnvel tekið þátt í jóga.“ Vigdís er kvikk á fæti þótt komin sé á tíunda tuginn. Af því var von á gestum. Nesfréttamönnum og hinum viðmælendunum hafði hún drifið sig snemma á fætur og bakað frábæra jólaköku með rúsinum. Það gekk á kókuna og hún fór inn í eldhús að huga að meira kaffi. „Nú fór í verra,“ sagði hún þegar hún kom fram. „Það er rafmagnslaust. Það kemur ekki oft fyrir.“ En hún reyndist hafa verið forsjal og nægar birgðir voru í kaffikönnunni. Svo lauk ánægjulegri heimsókn á Skólabrautina. Þau Erla, Kristinn og Vigdís eru góðir fulltrúar fyrir fólk sem hefur valið að eyða síðari hluta ævinnar í íbúðum fyrir heldri borgara á Seltjarnarnesi. Þau ræða félagsstarfið. Segja það frábært. Samskiptin við nágrannanna góð og ekki yfir neinu að kvarta.

**Kjötkompaní**

**GRILLUM  
OG  
NITÓTUM**

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📱 📷 kjotkompani Hafnarfirði & Grandu

# Kvöddu Ingibjörgu í Golfskálanum



Hópurinn staddur í Golfskálanum á Seltjarnarnesi.

**Heldri borgarar á Seltjarnarnesi sem hafa verið í glerlist hjá Ingibjörgu Hjartar hittust í Golfskálanum á Seltjarnarnesi þriðjudaginn 1. júní.**

Þau borðuðu saman góðan mat og skemmtum sér saman fram eftir kvöldi. Ingibjörgu voru færð gjafakort, blóm og kampavín, fallett kort og kveðju. Þó því trúu fæstir þá er Ingibjörg að hætta sem leiðbeinandinn eldri borgara á Seltjarnarnesi vegna aldurs.

## AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



Frí heimsending um land allt

WWW.ASWEKGROW.IS, GARBASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

## BÓKAÐ MÁL

**Birta**



Það er átta stiga íslenskur sumarhiti, sólskin og hífandi rok. Rétt á þeim árstíma þegar við missum allt tímaskin og munurinn á nóttu og degi verður enginn. Sigurður Pálsson lýsir þessu vel í ljóði:

*Ekki er ljóst lengur  
hvort við snúumst kringum sólina  
eða sólín kringum okkur  
Að öðru leyti er allt ofurljóst*

Á iðagrænni umferðareyju standa tvær konur og rýna í grasið með veðurbarða spekingssvipi á andlitunum. Ég spyr hvort þær séu að leita að einhverju. *Nei, segja þær. Eða jú, bara að góðum stað til að velta okkur.*

Þann 24. júní er messa Jóhannesar (Jóns) skírara. Áður fyrr var þetta mikil alþýðuhátíð suður í Evrópu sem leysti af hólmi forna sólhvarfafögnuði og tengdist henni allskyns trú á töfra náttúrunnar, vættir og myrkraverur. Þessu fylgdu næturbrennur, nornameður og tilheyrandi svall.

Þessi stemming náði aldrei að skjóta rótum hér á landi og líklega er það vegna næturbirtunnar sem hentar forynjum illa og brennum jafnvel enn verr. Ýmiss konar þjóðtrú þekkest þó hérlendis í tengslum við Jónsmessunóttina. Þá eiga kýr að tala og selir að breytast í yngismeyjar.

Einnig á að vera allra meina bót að velta sér upp úr dögginni á Jónsmessunótt, helst fatalaus. Þetta er þó ekki mikið stundað, allavega ekki í þéttbýli enda illa séð ef fólk er að væflast um allsbært á grænum svæðum bæjarins.

En hvort sem við veltum okkur upp úr fortíðinni eða dög morgundagsins er Jónsmessan vel til þess fallin að gleðjast yfir birtunni og íslenska sumrinu. Því hvað sem segja má um þessa skáldlegu árstíð þá er hún a.m.k. heldur skrári en veturinn.

Og þegar ég stend á umferðareyjunni og horfi upp í endalaus birtuna detta mér í hug línur úr ljóðinu Heiðríkja eftir Elínu Eddu:

*Ég sé enga skugga  
og fjöllin  
eru þúfur  
sem ég stíg upp á  
í einu skrefi.*

Því þannig er sumarið á Íslandi. Allt bjart, allt mögulegt. Sérstaklega núna.

TRYGGVI STEINN STURLUSON  
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarnes

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

**Verið velkomin**

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

# MUNA

HIMNESK HOLLUSTA



*Muna eftir millimálinu*

# Vorferð Kaffikarla Seltjarnarneskirkju

Hin árlega vorferð Kaffikarla Seltjarnarneskirkju var þriðjudaginn 1. júní síðastliðinn. Hópurinn saman stóð af 17 kátum körlum sem lögðu af stað frá Seltjarnarneskirkju kl. 9 árdegis. Hilmar Hilmarsson, fyrrverandi sláturhússtjóri á Sauðárkróki, ók hópnum eins og fyrri ár á „gullvagni sínum.“ Það fór vel um menn í „gullvagninum.“

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, var fararstjóri í ferðinni. Hann kom upp í rútna við Olís við Skúlagötu. Var honum ákaft fagnað þegar hann sté um borð. Ferðinni var heitið til að byrja með austur í Hveragerði. Fyrsti áfangastaðurinn var Hamarshöllin, hið glæsilega og uppláсна íþróttahús Hvergerðinga. Þetta íþróttahús er hið eina sinnar tegundar hér á landi. Jóhanna Margrét Hjartardóttir, íþrótta- og tómskundafulltrúi Hveragerðisbæjar tók a móti hópnum, sýndi honum húsið og sagði frá því. Húsið er 5.100 fermetrar að stærð og er fjölnota. Húsið kostaði 300 milljónir árið 2013.

## Árborg hefur stækkað mikið

Eftir heimsóknina í Hamarshöllina fór hópurinn í skoðunarferð um Hveragerði undir leiðsögn Ágúst Órlygs Magnússonar. Að því loknu var ekið eftir Hvammsvegi sem liggur með Ingólfsfjalli, fram hjá Sogni, Gljúfri, Náthaga, og Lambhaga. Þegar hópurinn kom á Selfoss var tekinn hringur um bæinn og menn undruðust á öllum þeim miklu byggingarframkvæmdum sem eiga sér stað nú um stundir. Selfoss eða Árborg hefur stækkað mikið á síðustu árum. Um daginn voru 50 einbýlishúsaloðir auglýstar til sölu á Selfossi. Alls bærust átta þúsund umsóknir um þessar lóðir. Hópurinn staldraði við í Selfosskirkju. Sr. Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur, tók á móti hópnum og sagði frá kirkjunni. Hópurinn var mættur á Kaffi krús kl. 12.30. Þar var boðið upp á gulrótarsúpu og heimabakað brauð.



Hópurinn ásamt Leó Árnasyni og Guðna Ágústssyni á vinnusvæði hins nýja miðbæjar á Selfossi 1. júní 2021. Frá vinstri Sigvaldi Hólm Pétursson, sr. Bjarni Þór Bjarnason, Guðmar Marelsson, Þorbjörn E. Jónsson, Viðar Hjartarson, Ægir G. Ólason, Stefán Olgeirsson, Gunnar Þór Alfreðsson, Guðni Ágústsson, Gunnar H. Pálsson, Leó Árnason, Birgir Vigfússon, Grétar G. Guðmundsson, Jón Rafn Sigurjónsson, Halldór Pedersen, Sverrir Hannesson, Valgeir Gestsson, Ágúst Ragnarsson og Þráinn Viggósson.

## Heimamenn byggja fyrir heimamenn

Að máltíð lokinni fór hópurinn í húsið Stað sem er skammt frá Kaffi krús. Þar tók Leó Árnason á móti hópnum. Hann er framkvæmdastjóri Sigtúns Þróunarfélags, sem stendur fyrir uppbyggingu hins nýja miðbæjar á Selfossi. Hann sagði hópnum frá þessu merkilega verkefni í máli og myndum. Leó sagði, að það væri gaman í vinnunni. Þarna væru heimamenn að byggja miðbæ fyrir heimamenn, það væri eftirvænting í loftinu og menn hlökkðu til. Að loknu erindinu gekk hópurinn með Leó á byggingasvæðið til að skoða framkvæmdir.

Nýi miðbærinn á Selfossi verður formlega tekinn í notkun innan skamms, það er að segja um rösklega helmingur þeirra húsa sem þar verða byggð. Áfanginn sem nú er að klárast er fyrsti áfangi verksins, en síðan á eftir að klára tvo áfanga til viðbótar og áætlað er að þeirri vinnu ljúki 2024. Heildarkostnaður er áætlaður 10 til 12 milljarðar króna. Framkvæmdir við nýjan miðbæ á

Selfossi hafa staðið yfir í tæp tvö ár. Í fyrsta áfanga verkefnisins rísa þrettán byggingar sem telja alls um 5.200 fermetra. Þegar miðbærinn hefur risið að fullu er stefnt að byggingum sem telja hátt í 30 þúsund fermetra. Verkefnið er eitt stærsta fasteignaþróunarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins í seinni tíð.

## Endurbyggja hús víðsvegar að

Miðbærinn sem nú rís, er á svæði sem var autt sunnan við Ölfusárbrúna. Húsin verða leigð út fyrir margskonar starfsemi. Þar verður sambland af þjónustufyrirtækjum, veitingastöðum, verslunum og íbúðum.

Leó Árnason sagði að verið sé að endurbyggja hús sem áður stóðu víðsvegar á landinu en eru horfin af sjónarsviðinu. Hann sagði að kannski væri verið að segja byggingarsögu Íslands fyrir ákveðið tímabil með þessu verkefni. Fyrst og fremst eru það hús frá Selfossi sem eru endurbyggð en einnig hús sem áður stóðu við Austurvöll og

Aðalstræti í Reykjavík og hús sem voru á Ísafirði, Stykkishólmi og Akureyri. Hann óttast ekki að yfirbragð húsanna verði yfirborðskent eins og leikmynd.

## 35 sögufræg hús

Hérna væri um að ræða 35 sögufrægar byggingar, sem áður skemmdust af eldi eða höfðu fallið í niðurníðslu. Þetta eru hús eins og verslanirnar Edinborg og Glasgow, Hótel Ísland, Fell á Ísafirði, Hótel Gullfoss á Akureyri, konungshúsið á Pingvöllum, miðaldadómkirkja, tilgátuhús byggt í staffirkjustíl, Amtmannshúsið við Amtmannsstíg, Fjalakötturinn, Reykjavíkurapótek, Hótel Oddeyri, Friðriksgáfa sem var hús amtmannsins á Möðruvöllum og svo framvegis.

Búið er að byggja hús Mjólkurbús Flóamanna frá 1929 en það var rífið árið 1956. Þetta hús teiknaði Guðjón Samúelsson. Í kjallara hússins er verið að koma fyrir skyrsafni. Gamla Mjólkurbúið var eitt sinn andlit Selfoss en var síðan rífið en er orðið það aftur í dag. Þessi nýi miðbær

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



**Guðni Ágústsson, fyrrum ráðherra, í stólum í Laugardælakirkju þar sem hann talaði um Bobby Fischer en gróf hans er í grafreit við kirkjuna.**

verður fúnkerandi miðbær með öllu því sem miðbær þarf að hafa.

Í miðbænum verður meðal annars mathöll í Mjólkurbúshúsinu með átta veitingastöðum, bar, sýning um skyrið og matarmenningu Íslands eins og fyrr sagði. Leó sagði að búið væri að leigja út um 90% rýmanna.

Leó sagðist halda að fólk gerði sér grein fyrir því að Selfoss yrði breyttur bær á eftir. Hann sagði að það yrði betra að búa að Selfossi og það yrði líka skemmilegra að taka á móti gestum. Hann sagði að til stæði að færa hringveginn þannig að hann lægi fram hjá Selfossi, með

nýrri brú yfir Ölfusá. Hann hafði engar áhyggjur af því að það leiddi til fækkunar gesta.

### Austurvegur verður aðalgata

Leó sagði að vilji væri til að byggja upp Austurveg, aðalgötu bæjarins, samhliða því að umferðarþunginn færast annað. Hann sagði að Austurvegurinn gæti orðið falleg bæjargata. Gatan væri breið og biði upp á mjög spennandi og fjölbreytta þróunarmöguleika þegar drægi úr þungaumferð í gegnum bæinn.

Sem hluta af þeirri vegferð keypti Sigtún þróunarfélag höfuðstöðvar Landsbankans á Selfossi, sem standa við Austurveg, undir lok síðasta árs. Húsið er sögufrægt, en það var byggt á árunum 1949 til 1953 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, í anda höfuðstöðva Landsbankans við Aðalstræti í Reykjavík. Leó benti á að fyrir aftan húsið væri 7.300 fermetra lóð. Það biði upp á einstaka möguleika.

Menn voru sammála um að það hefði verið einstaklega ánægjulegt að fá að kynna þessu stórmerkilega verkefni. Þökk sé Guðna Ágústssyni sem gekkst fyrir því að hópurinn átti þess kost að fá þennan ágæta fyrirlestur hjá Leó Árnasyni og leiðsögn hans um byggingarsvæðið. Eftir það fór hópurinn til Almars bakara í Larsenstræti á Selfossi og fékk sér kaffi og rjómatertu.

### Flóaáveitan sést frá Tunglinu

Að því loknu fór hópurinn í Laugardælakirkju, en í kirkjugarðinum þar hvílir Bobby Fischer, fyrrverandi heimsmeistari í skák. Guðni steig í stólinn í kirkjunni og flutti frábært erindi um Fischer. Þá hélt hópurinn að Flóaáveitu, sem er einstakt mannvirki sem sést frá

tunglinu líkt og Kínamúrinn. Skurðir Flóaáveitu voru um 300 kílómetra langir. Guðni þekkir sögu þessa verkefnis afar vel. Hann sagði hópnum skilmerkilega frá þessum miklu framkvæmdum, þar sem Járnbítagríður, grafan stóra var notuð. Hópurinn fór að Flóðgáttinni á Brúnastaðafloötum. Flóaáveitufélagið var stofnað 8. febrúar árið 1918 samkvæmt lögum frá 1917. Framkvæmdir hófust 22. maí 1922. Áveitan var tekin í notkun 27. maí 1927 með opnun flóðgáttarinnar á Brúnastaðafloötum. Flóðgáttin er skammt frá æskuheimili Guðna á Brúnastöðum og var einstaklega ánægjulegt að hlusta á frásögn hans.

Ferð Kaffikarla lauk á Hótel Selfossi þar sem hópurinn snæddi lambalæri með öllu tilheyrandi. Boðið var upp á ís og ávexti í eftirrétt.

Ferðin tók 12 klukkutíma, frá kl. 9 árdegis til kl. 21 að kvöldi. Það var glaður og ánægður hópur sem kom heim til sín eftir þessa ferð. Þökk sé Guðna Ágústssyni sem gerði daginn ógleymanlegan. Guðni er einstakur gleðigjafi og manna skemmtilegastur. Við þökkum honum innilega fyrir að gefa okkur af tíma sínum og vera með okkur allan daginn.

*Sr. Bjarni Þór Bjarnason*



## Umhverfisnefnd Seltjarnarness óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga fyrir sumarið 2021

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitir á hverju ári viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur, opin svæði og falleg tré. Bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda tölvupóst á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 1. ágúst 2021.



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

# Við getum gert betur

Umræðan um bæjarmálin á Nesinu síðustu misseri hefur verið neikvæðari en oft áður en ástæða umræðunar er viðvarandi hallarekstur bæjarins, brostin loforð meirihlutans, niðurskurður á þjónustu og gjaldskrárhækkningar sem leitt hafa af sér dvínandi ánægju og traust íbúa gagnvart stjórnendum bæjarins og þjónustustigi. En hvað getum við gert til að snúa vörn í sókn, ná tökum á rekstrinum og efla þjónustu við íbúa?



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

1. Hættum að reka bæinn á yfirdrætti. Á síðustu sex árum hefur A sjóður bæjarins verið rekinn með ríflega milljarðs króna halla. Það þýðir við erum að veita þjónustu sem kostar hundruðum milljóna meira en við fáum í tekjur. Miklum peningum og tíma hefur verið sóaðeytt í að finna leiðir til að spara í rekstrinum og nú er ljóst, frá bæði starfsfólki og íbúum, að þjónustan er komin yfir sársaukamörk. Það er því ekki sjálfbær lausn að skera frekar niður þjónustu við íbúa þó áfram megi leita leiða til að nýta hverja krónu eins vel og hægt er. Við vitum að til að halda úti núverandi þjónustustigi þá þurfum við að innheimta sama útsvar og gert er í Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ. Sú hækkun nemur 780 krónum á hverjar 100.000 sem íbúi fær í laun. Með því tökum við höndum saman við að loka hallanum á rekstri bæjarins og getum haldið óbreyttu þjónustustigi án þess að safna skuldum og reka bæinn á yfirdrætti.

2. Meira og betra mannlíf. Seltjarnarnesbær hefur sögulega fjármagnað uppbyggingu innviða með sölu á lóðum, stækkun hverfa og fjölgun íbúa. Hrólfsskálamelurinn var síðasta lóðin sem bærinn seldi og eftir að þeim fjármunum var ráðstafað hefur bærinn glímt við rekstrarvanda og hefur ekki getað fjármagnað uppbyggingu og viðhald á stofnunum bæjarins. Hækkun útsvars getur lokað rekstrarhalla bæjarins en veitir ekki svigrúm til frekari uppbyggingar og framþróunar. Á síðastliðnum sex mánuðum hefur íbúum Seltjarnarnesbæjar fækkað um 69 en mikilvægt er að snúa þeirri þróun við til að treysta betur rekstrargrundvöll Seltjarnarnesbæjar. Þessari áskorun fylgja þó mikil tækifæri þar sem miðbæjarsvæðið okkar, sem nær yfir Austurströnd og Eiðistorg, hefur aldrei verið deiluskipulagt. Á Austurströndinni væri möguleiki á að deiluskipuleggja lágreista, þetta byggð með fjölbreyttum íbúðum sem myndu henta jafnt eldra fólki sem vill minnka við sig í bland við ungt fólk sem vill setjast að á Nesinu í nálægð við leik- og grunnskóla. Á Eiðistorgi væri hægt að ráðast í svipaða uppbyggingu og gert var á Garðatorgi þar sem að nýtt verslunar- og íbúðarhúsnæði rammur bílastæði af. Á jarðhæð sem snýr að Nesvegi mætti hafa verslun og þjónustu og á efri hæðum íbúðir. Þessi uppbygging myndi bæði stækka tekjugrunn fasteignagjalda og útsvars ásamt því að bæta mannlíf og þjónustu í miðbæjarkjarna Seltjarnarnesbæjar.

3. Mótum öflugan menntastefnu. Eitt mikilvægasta hlutverk sveitarfélaga er að mennta börn og ungmenni bæjarins. Við á Seltjarnarnesi höfum lengi státað okkur af öflugum leik-, grunn- og tónlistarskólum ásamt frábæru íþrótt- og æskulýðsstarfi. Á síðastliðnum árum hefur rekstrarvandi bæjarins leitt til þess að dregið hefur úr viðhaldi og endurnýjun á stofnunum bæjarins svo nú stöndum við frammi fyrir uppsafnaðri viðhaldsþörf á húsnæði, innanstokksmunum og skólalóðum. Á sama tíma og önnur sveitarfélög eru að sækja fram með fjárhagsstuðningi við skólaþróunarverkefni og tæknivæðingu í skóla- og frístundastarfi höfum við verið að skera niður þjónustu. Skólafélag Seltjarnarnesbæjar var samþykkt árið 2011 og það er því löngu tímabært að setjast niður með öllum sem koma að menntun barnanna okkar og búa til tímasetta menntastefnu fyrir Seltjarnarnesbæ með mælanlegum markmiðum sem vinna að því að gera Seltjarnarnesbæ að fyrsta flokks sveitarfélagi fyrir börn að alast upp í og sveitarfélagi sem laðar að sér fremsta fagfólk landsins.

Þessi þrjú dæmi eru alls ekki tæmandi listi yfir þau verkefni sem bíða okkar sem viljum standa vörð um rekstur og þjónustu sveitarfélagsins en þau varpa ljósi á að ef við tökum höndum saman og látum verkin tala þá er vel hægt að gera betur.

Guðmundur Ari Sigurjónsson  
Bæjarfulltrúi Samfylkingar  
Seltíminga

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú þegar við sjáum fyrir endann á covid tímabilinu og kveðjum veturinn þá horfum við fram á bjartari tíma. Vetrarstarfinu lauk formlega með handverkssýningunni sem haldin síðustu dagana í maí. Sýningin var með öðru sniði en venjulega þar sem aðstaða námskeiðanna og vinnustofur voru opnar og því margt að sjá. Samdóma álit er að vel hafi tekist til.

Fimmtudaginn 3. júní fögnuðum við sumarkomunni með því að fá Grillvagninn og skemmta okkur saman. Það var greinilega komin þörf fyrir svona samkomu, og þátttakan var mjög góð. Nú þegar hafa verið farnar tvær ferðir í almenningsgarða þar sem fólki er gefinn kostur á að ganga um, skoða eða bara sitja á kaffihúsi staðarins og njóta umhverfisins.

Næstu tveir staðir sem við heimsækjum er Öskjuhlíðin / Nauthóll þriðjudaginn 13. júlí og Hellisgerði / kaffihús þriðjudaginn 27. júlí. Þessar ferðir eru fólki að kostnaðarlausu en biðjum samt fólk um að skrá sig svo hægt sé að áætla stærð rútu. Sumarferðin í ár er jöklaferð.

Þegar þessar línur er skrifaðar þá er enn vika í þá ferð en til stendur að fara á Langjökul fimmtudaginn 24. júní. Mikill spenningur er fyrir ferðinni og skráning mjög góð. Þeirri ferð verða gerð skil í næstu Nesfréttum.

Félags- og tómstundastarfið tekur breytingum yfir sumartímann. Hefðbundin námskeið hverfa og eitthvað nýtt og skemmtilegt tekur við. Ýmislegt verður í boði alla virka daga. Mikið lagt upp úr hreyfingu og samveru. Thelma Hrund og Birkir Kristján leysa Kristínu af í umsjón á félags- og tómstundastarfi eldri bæjarbúa sumarið 2021. Dreift var uppfærðri dagskrá til allra bæjarbúa sem hafa náð 65 ára aldri. Margt er á döfinni í félagsstarfinu í sumar til dæmis leikfimi 2x í viku á Skólabraut, þútt á flötinni við Skólabraut, félagsvist og bingó. Sumargleði fimmtudaginn 1. júlí í salnum á Skólabraut kl. 15.00. Grillum pylsur, syngjum, tröllum og höfum gaman. Aðrar samverustundir eru til dæmis ljóðastundir á Skólabraut, samsöngur og gönguferðir þar sem við förum saman á skemmtilega staði á höfuðborgarsvæðinu, hver og einn getur rölt á sínum hraða eða bara tyllt sér við nærliggjandi kaffihús eða veitingastað. Skráningarblöð verða fyrir hverja ferð í króknum á Skólabraut en einnig má senda tölvupóst á [thelmas@seltjarnarnes.is](mailto:thelmas@seltjarnarnes.is) eða hringja í síma 866 3027. Einnig verður snjallsíma-, spjaldtölvu- og samfélagsmiðlanámskeið. Námskeiðið er kennt í salnum Skólabraut og skráning hjá Thelmu í síma 866 3027 einnig má senda póst með skráningu á [thelmas@seltjarnarnes.is](mailto:thelmas@seltjarnarnes.is). Óvæntar upptakomur verða auglýstar í Morgunblaðinu undir félagslífi aldraðra og á facebooksíðunni eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Hvetjum ykkur til að kíkja við og taka þátt með okkur.



**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband**

**Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



**f** Finndu okkur á Facebook



# Árangur og áskoranir við rekstur bæjarins

Pegar rýnt er í útgjaldaþróun Seltjarnarnesbæjar á milli árunna 2019 og 2020, koma ánægjulegar niðurstöður í ljós. Gott aðhald og markvissar aðgerðir undanfarinna ára eru að skila sér í góðum grunnrekstri bæjarins.

Möguleikar sveitarfélags til að bregðast við breytingum á ytra umhverfi með sama hraða og fyrirtæki, hvort heldur með hagræðingu eða tekjuöflun eru mjög takmarkaðir. Stór hluti útgjaldanna byggist á lögum, reglugerðum, kjarasamningum og ýmsum öðrum opinberum skyldum sveitarfélaga svo sem að reka skóla eða annast félagsþjónustu. Það sama á við um stærstan hluta teknanna sem hækka í takt við almenna launaþróun. Ákvarðanir um breytingar á rekstri þarf að skoða vel og tryggja að sveitarfélagið uppfylli allar sínar skyldur þrátt fyrir breytingar á einstökum rekstrarþáttum sveitarfélagsins. Þetta eru ákvarðanir sem skila sér oft í hagkvæmari rekstri einu til tveimur árum síðar. Þannig má líkja rekstri sveitarfélags við það að stýra stóru olíuflutningaskipi, þar sem viðbragðstíminn er mjög langur.

## Grunnrekstur bæjarins er góður

Pegar horft er á grunnrekstur bæjarsjóðs (A hluta) þar sem laun vega tæp 59% af útgjöldum bæjarins og annar rekstrarkostnaður vegur rúm 36%, er ánægjulegt að sjá að launakostnaður hækkar einungis um 4,1% á sama tíma og launavísitala hækkaði um 7,2%. Þá hækkar annar rekstrarkostnaður aðeins um 1,7% á meðan verðbólga án húsnæðis var um 4% á árinu 2020. Þetta eru skýr merki um bata í rekstri.

Pegar lítið er til útgjaldaþróunar í einstökum málaflökkum er ljóst að góður árangur hefur náðst. Þegar búast mátti við 4-6% hækkun kostnaðar við óbreyttan rekstur hefur tekist að auka hagkvæmni í rekstri og gæta aðhalds. Þannig lækka útgjöld til fræðslumála um 0,7% á milli ára, en þau vega

tæp 49% af útgjöldum bæjarins. Útgjöld til félagsþjónustu hækka einungis um 3,6% og útgjöld til æskulýðs og íþróttamála hækka einungis um 0,8% á milli ára. Þessir málaflökkar vega samtals rúm 27% af útgjöldum bæjarins. Með sama hætti lækkar kostnaður við rekstur bæjarskrifstofu um 1,2% og kostnaður við rekstur áhaldahúss lækkar um 13% á milli ára. Hér hefði með sama hætti mátt búast við 4-6% hækkun miðað við óbreyttan rekstur. Já þetta er vel gert og þrátt fyrir að inni í þessum tölum fyrir 2020 séu sérstök útgjöld svo sem aukin þríf og meiri mönnum vegna Covid.

Samningur Seltjarnarnesbæjar við Skólamat um rekstur mótuneyta fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins er gott dæmi um breytingar sem hrundið var af stað og skila sér í betri grunnrekstri bæjarins og lækkun útgjalda til fræðslumála. Hér var leitað leiða til að hagræða í umgjörð eða stoðþjónustu á meðan mikill metnaður er lagður í aðbúnað og umgjörð kennslunnar.

## Hækkun útsvars er engin töfralausn

Í umfjöllun um rekstur bæjarins hefur fulltrúum minnihlutans orðið tíðrætt um nauðsyn þess að bærinn fullnýti heimildir sínar til til útsvarstekna og auki álögur á bæjarbúa til að bæta rekstrarafkomu bæjarsjóðs. Þetta kann að hljóma í eyrum sumra sem fín lausn og þar með sé rekstur bæjarins á grænni grein. En það er ekki svo einfalt, rekstur sveitarfélags snýst um að hafa taumhald á útgjöldum og afmarka rekstur innan þess tekjuramma sem sveitarfélagið býr við.

Það að hækka útsvarið á Seltjarnarnesi í 14,52% og sækja 180 m.kr. aukalega í vasa íbúanna, þýðir um

4% hækkun tekna. Það er í raun lítið hlutfall heildarteknanna og upphæð sem gæti verið fljót að gufa upp ef ekki er skýr áhersla á aðhald í útgjöldum bæjarins.

## Skýr stefna og metnaður til að gera enn betur

Það hefur verið skýr stefna Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi að sýna ábyrgð og gæta aðhalds í rekstri bæjarins á sama tíma og álögum á íbúa er stillt í hóf. Þegar horft er yfir rekstur bæjarins nokkur undanfarin ár er ljóst að rekstrarniðurstaðan hefur sum árin verið undir væntingum okkar Sjálfstæðismanna. Á því eru ýmsar eðlilegar skýringar sem einhvern tíma tók að bregðast við.

Nú eru það hins vegar skýr merki um bata á grunnrekstri bæjarins sem ber að fagna ásamt ágætum varnarsigrum á Covid tímum og lágu skuldahlutfalli. Það er því ljóst að „olíuskipið“ er á réttum kúrs og því góðar líkur á að rekstur bæjarins verði á góðu róli á komandi árum. Það er í takt við metnað okkar Sjálfstæðismanna að gera enn betur.

Örn Viðar Skúlason,  
formaður Sjálfstæðisfélags Seltimunga



Örn Viðar Skúlason.

## Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignaumsjon.is  
eignaumsjon.is



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



## Kjartan og Kári valdir í U19

Gróttumennirnir Kjartan Kári Halldórsson og Kári Daniel Alexandersson hafa verið valdir í hóp U19 ára landsliðsins sem mætti U19 og U21 ára liðum Færeyja í tveimur vínáttuleikjum í júní.

Liðið mætti U21 ára liði Færeyja þann 3. júní þar sem Kjartan og Kári voru báðir í byrjunarliði Íslands, en leikurinn fór 2-2. U19 ára lið þjóðanna mættust svo 6. júní og fór sá leikur einnig 2-2 en báðir leikirnir fóru fram í Svagaskarði. Leikirnir voru fyrstu leikir liðsins undir stjórn Ólafs Inga Skúlasonar. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Kjartani og Kára innilega til hamingju með valið!



## Sumarstarfið komið á fullt



Grunnhópar Fimleikadeildar Gróttu tóku þátt á innanfélagsmóti Gróttu sem fór fram helgina 29. – 30. maí. Iðkendur sýndu foreldrum hvað þau hafa verið að æfa í vetur. Þau stóðu sig alveg ótrúlega vel en flestir voru að stíga sín allra fyrstu skref í fimleikakeppni.

Sumarstarf Fimleikadeildar Gróttu er nú komið á fullt en vetrarstarfinu lauk sunnudaginn 13. júní. Við viljum þakka fyrir samstarfið þennan viðburðaríka vetur.

Opið er fyrir skráningar á sumarnámskeiðin okkar inn á vefverslun sportabler [www.sportabler.com/shop/grotta/](http://www.sportabler.com/shop/grotta/) en fjölmörg námskeið verða í boði hjá okkur í sumar.

Forskráning fyrir næsta vetur er síðan hafin inn á [www.sportabler.com/shop/grotta/](http://www.sportabler.com/shop/grotta/)

Gleðilegt sumar.

## Emelía og Lilja Lív valdar í hóp U16 ára landsliðsins

Gróttukonurnar Emelía Óskarsdóttir og Lilja Lív Margrétardóttir hafa verið valdar í hóp U16 ára landsliðsins sem æfir saman á Selfossi í júní.

Æfingarnar fara fram dagana 21.-24. júní og eru liður í undirbúningi liðsins fyrir Norðurlandamótið sem fer fram í Danmörku 4.-13. júlí í sumar. Gangi ykkur vel stelpur!



## Hákon valinn í U21 landsliðið

Gróttumaðurinn Hákon Rafn Valdimarsson er í hóp U21 árs landsliðsins sem æfði dagana 1. til 3. júní.

U21 karla hefur undankeppni EM 2023 í september þegar liðið mætir Hvíta Rússlandi ytra 2. september og Grikklandi 7. september hér heima. Önnur lið í riðlinum eru Portúgal, Kýpur og Liechtenstein.



## Knattspyrnskóli Gróttu



### fyrir börn fædd 2011-2015

Hvert námskeið er ein vika frá 9-12 en boðið er upp á viðveru frá kl. 8. Skráning fer fram á [sportabler.com/shop/grotta/](http://sportabler.com/shop/grotta/)

Námskeið 1: 11. júní – 18. júní kr. 5.000

Námskeið 2: 21. júní – 25. júní kr. 5.000

Námskeið 3: 28. júní – 2. júlí kr. 5.000

Námskeið 4: 5. júlí – 9. júlí kr. 5.000

Námskeið 5: 12. júlí – 16. júlí kr. 5.000

Námskeið 6: 19. júlí – 23. júlí kr. 5.000

Námskeið 7: 26. júlí – 30. júlí kr. 5.000.

VIVALDI



[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170



1X2  
GETRAUNIR.IS

# SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Emília Eyva Thygesen sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari í tennis á Íslandsmóti TSI innanhúss 21. - 25. apríl 2021. Emília Eyva Thygesen er 10 ára, hörkuefnilegur tennisíðkandi sem hefur æft tennis hjá KB í Kaupmannahöfn frá sex ára aldri. Hún flutti á Nesið frá Kaupmannahöfn í janúar síðastliðinn sökum Covid19 þar sem að ekki var hægt að æfa tennis í Danmörku út af takmörkunum. Emília hefur verið að æfa tennis í bæði Viking og TFK. Hún hneppti Íslandsmeistaratitilinn í U12 og U14 þrátt fyrir ungan aldur. Emília hefur sterkar rætur á Nesið en amma og afi, langamma, frændur og frænkur Emíliu búa einnig á Neginu. Langafi Emíliu var Hörður Felixson landsliðsmaður í fótbolta og handbolta.



**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Decendants myndirnar.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Spila tennis eða hittu vini mína.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Seljalandsfoss og sveitin hjá ömmu og afa.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Að vera skemmtilegur og kunna að hrósa.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Ashleigh Barty.

**Uppáhalds vefsíða?** Zalando.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Rafmagns hlaupahjól.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?** Fara í tennisakademíu í Frakklandi.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Byggja tennishöll á Neginu.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Númer 1 í tennis í heiminum.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Spila tennis í Danmörku og hitta dönsku vini mína.

**Fullt nafn?** Emília Eyva Thygesen.

**Fæðingardagur og ár?**

18. janúar 2011.

**Starf?** Nemandi í 4. bekk í Mýró.

**Farartæki?** Tveir jafnfljótir.

**Helstu kostir?** Góð í sporti, dugleg að hrósa öðrum og alltaf í góðu skapi.

**Eftirlætis matur?** Lasagna og steiktur fiskur.

**Eftirlætis tónlist?** Popp og hipp hopp.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Ashleigh Barty sem er atvinnumaður í tennis.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Jessie sem eru þættir á Disney +.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Kennarinn sem hvarf.

**Uppáhalds leikari?** Dove Cameron

sem er Mal í Decendants myndunum.

# HALTU Í HEILSUNA!



**Þjörту sumarlitirnir 2021**

**Nærðu neglurnar með Nailberry sem anda og eru vegan.**



**Einstakur kósýfatnaður  
Falleg hönnun fyrir jóga  
og lífið.**



**Kvef og flensa í loftinu?  
C-vítamín bundið fitusýrum og sink  
sem byggir upp slímhúðina. Besta  
blandan fyrir ónæmiskerfið í sumar.**



**Umhverfisvænar korkjógavörur  
Sterkar og fallegar. Asanas tengja þig við náttúruna.**

# BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

# HLAUGHTU ÞAÐ BORGAR SIG



Styrktu gott málefni á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is)  
og taktu þátt 21. ágúst

